

Fóðuröflunarkostnaður íslenskra kúabúa

Ingvar Björnsson¹ og Runólfur Sigursveinsson²

¹Búnaðarsambandi Eyjafjarðar og ²Búnaðarsambandi Suðurlands

Inngangur

Landbúnaður heimsins stendur frammi fyrir miklum breytingum. Vaxandi kaupmáttur fátækari ríkja skapar aukna eftirspurn eftir matvöru sem leiðir til hækkandi verðs á mörkuðum. Eftirspurn eftir aðföngum til framleiðslunnar eykst og verð þeirra hækkar jafnt og þétt. Samkeppni er vaxandi um grunnþætti matvælaframleiðslu, land, vatn og orku sem veldur hækkandi framleiðslukostnaði. Íslenskur landbúnaður stendur ekki utan þessara breytinga því framleiðslukostnaður fer hækkandi og ekki sér fyrir endann á þeirri þróun.

En hver verða áhrif þessara breytinga á fóðuröflunarkostnað íslenskra kúabúa? Er svigrúm til hagræðingar? Mun hækkandi kostnaður kalla á breytt fóðuröflunarskipulag?

Forsendur útreikninga á fóðuröflunarkostnaði

Undanfarin ár hafa ráðunautar fylgst grannt með fóðuröflunarkostnaði íslenskra búa. Gögn úr búrekstrarverkefnum Búnaðarsambandanna hafa nýst vel en einnig búreikningar Hagþjónustu landbúnaðarins. Búnaðarsamband Eyjafjarðar hefur greint rekstur bænda um árabíl og haldið úti búrekstrarverkefninu Ráðhildi undanfarin ár. Fóðuröflunarkostnaði hefur þar verið veitt sérstök athygli. Búnaðarsamband Suðurlands var brautryðjandi á sviði markmiðssettrar áætlanagerðar með búrekstrarverkefninu Sunnu og þar hafa safnast mjög mikilvæg gögn til greininga á fóðuröflunarkostnaði.

Rýnt var í gögn ársins 2006 á Sunnu- og Ráðhildarbúum. Í gagnasafni Sunnu voru alls 79 bú. Þessi bú skiluðu að meðaltali tæplega 226.000 lítrum í afurðastöð og framleiddu 231.000 fõðureiningar. Alls nam mjólkurframleiðsla þessara 79 búa tæplega 38% innveginna mjólkur hjá MS-Selfossi árið 2006. Í gagnasafni Ráðhildar voru 27 bú þegar búið var að flokka frá öll bú sem stunda að einhverju marki verktöku. Meðalinnlegg þessara búa reyndist tæplega 205.000 lítrar og framleiddar fõðureiningar skv. forðagæsluskýrslum 213.000. Auk þessa voru tölur úr búreikningum Hagþjónustu landbúnaðarins hafðar til hliðsjónar (Hagþjónusta landbúnaðarins, 2007). Í gagnasafni Hagþjónustunnar voru 164 bú sem lögðu inn að jafnaði ríflega 180.000 lítra og framleiddu 189.000 fõðureiningar.

Talinn var allur breytilegur kostnaður við heimaaflið fóður og honum deilt á framleiddar fõðureiningar og innvegna lítra. Tekinn var allur kostnaður við áburð og sáðvöru, 75% af kostnaði við rekstur búvéla, kostnaður við rúlluplast og garn og verktakakostnaður vegna jarðræktar og fóðuröflunar.

Gerð var greining á föstum kostnaði búanna í Eyjafirði og niðurstöður hennar notaðar til að áætla kostnað á Suðurlandi og hjá búreikningabúum. Afskriftir búanna voru flokkaðar niður í afskriftir af dráttarvélum og afskriftir af öðrum tækjum til fóðuröflunar. Gengið var út frá því að 75% af afskriftum dráttarvéla væri vegna fóðuröflunar. Samkvæmt greiningunni er að jafnaði 49% afskrifta Ráðhildarbúa vegna fóðuröflunar og til einföldunar var notast við 50% hlutfall. Leyfilegt afskriftarhlutfall véla skv. skattareglum er 20-35% og reyndist meðal afskrift nærri

25%. Þetta þýðir að kaupverð véla er afskrifað um 90% á 10 árum og þá er afskriftum hætt. Skattaleg fyrning hvers árs fer því nærri því að vera raunveruleg meðalfyrning sé miðað við 10 ára endingartíma véla og að hrakvirði sé 10% af kaupverði. Við þessa fyrningu bætist síðan fjármagnskostnaður sem var áætlaður 7% á ári af því fjármagni sem var bundið í vélunum. Meðalfjármagnsbinding var reiknuð sem fimmföld ársfyrning. En það samsvarar því að vélakosturinn sé allur endurnýjaður á 10 ára fresti og fjármagnaður með láni til 10 ára á 7% vöxtum.

Greiningin sýndi að meðalfyrning vegna fóduröflunar á búunum 27 í Eyjafirði nam ríflega einni milljón á ári. Þetta samsvarar árlegri nýfjárfestingu í vélum. Meðalfjársbinding í vélum er því um 5 milljónir miðað við að allur vélaflotinn sé endurnýjaður á 10 ára fresti og afskrifaður á 10 árum.

Í útreikningum er öllum kostnaði deilt á vetrarforðann, hey og korn. Kostnaður sem fellur til vegna beitar er ekki tekinn út og kostnaður vetrarforðans því lítillaga ofreiknaður. Einnig er rétt að nefna að kostnaður er án vinnulauna sem hafa verið áætluð um 3 kr á fódureiningu. Ennfremur eru frumræktunarkostnaður og landleiga ekki tekin inn í útreikningana.

Fóðurkostnaður kúabúa 2006

Í 1. töflu má sjá niðurstöður útreikninga á fóduröflunarkostnaði. Í ljós kemur áberandi munur á kostnaði í Eyjafirði og á Suðurlandi. Heildar kostnaður á framleidda fódureiningu er 15,9 kr í Eyjafirði en 19,9 kr á Suðurlandi. Meðal búreikningabúið er þarna á milli. Munurinn liggur bæði í breytilegum og föstum kostnaði búanna. Kostnaður við áburð er áberandi hærri á Suðurlandi en verktökukostnaður nokkru lægri en hjá eyfirsku búunum. Þá er fastur kostnaður einnig hærri á Suðurlandi og munar þar um 25%. Skýringin á þessu gæti verið almennt meiri notkun vélaverktaka í Eyjafirði en 8 af 27 búum kaupa þjónustu verktaka við heyskap.

1. tafla. Kostnaður (kr/fódureiningu) við heimaafað fódur á eyfirskum og sunnlenskum búum árið 2006 ásamt samanburði við búreikningabú sama ár.

	Eyjafjörður	Suðurland	Búreikningabú
Áburður og sáðvara	3,9	6,1	5,0
Rekstur búvéla (75%)	3,0	3,4	3,5
Plast og garn	1,5	1,7	1,6*
Verktökukostnaður	1,1	0,7	0,9*
Breytilegur kostnaður alls	9,5	11,9	11,0
Fastur kostnaður	6,4	8,0	7,6
Kostnaður alls kr á fódureiningu	15,9	19,9	18,6

* áætlaðar tölur

Þegar kostnaðinum er deilt á innvegna lítra hækkar hann lítillaga (2. tafla). Að jafnaði eru framleiddar fódureiningar um 3-5% fleiri en innvegnir lítrar. Heimaafað fódur kostaði því að jafnaði 16,7 kr á innveginn lítra hjá Ráðhildarbændum en 20,6 kr á innveginn lítra hjá Sunnubændum. Hjá búreikningabúunum var kostnaðurinn að jafnaði 19,6 kr. Fróðlegt er að reikna þennan kostnað yfir í heykostnað. Sé tekið tillit til launa má gera ráð fyrir að heildarfóduröflunarkostnaður sunnlenskra búa sé um 23 kr á fódureiningu. Ef miðað er við þurrlegt rúlluhey og rúllur sem eru 1,4 m í þvermál má ætla að að um 380 þurrefniskíló séu í rúllunni. Sé um að ræða hey með 0,8 fódureiningar í kílóí þurrefnis er framleiðslukostnaður rúllunnar um 7.000 krónur.

2. tafla. Kostnaður (kr/innveginn lítra) við heimaflað fóður á eyfirskum og sunnlenskum búum árið 2006 ásamt samanburði við búreikningabú sama ár.

	Eyjafjörður	Suðurland	Búreikningabú
Áburður og sáðvara	4,1	6,3	5,3
Rekstur búvéla (75%)	3,1	3,5	3,7
Plast og garn	1,6	1,8	1,7*
Verktökukostnaður	1,2	0,7	0,9*
BK alls	10,0	12,3	11,6
FK alls	6,7	8,3	8,0
Kostnaður alls kr á innveginn lítra	16,7	20,6	19,6

* áætlaðar tölur

Heildar fóðurstofnaður á innveginn lítra er sýndur í 3. töflu. Í Eyjafirði nam hann 27,1 kr en 32,8 kr á Suðurlandi og 31,5 kr hjá Búreikningabúunum. Þarna skal áréttað að vinnulaun eru ekki innifalin og því má gera ráð fyrir að fóðurstofnaður á innveginn lítra sé að jafnaði 35-36 kr hjá sunnlenskum kúabúum. Hjá eyfirsku búunum skiptist stofnaðurinn þannig að 39% er aðkeypt fóður, 37% breytilegur stofnaður við heimaöflun og 25% fastur stofnaður við heimaöflun. Þessi stofnaður nam 27,6% búgreinatekna árið 2006. Munurinn á stofnaði búanna í Eyjafirði og Suðurlandi á hvern innveginn lítra er 3,9 kr og miðað við meðalframleiðslu sunnlensku búanna samsvarar þetta ríflega 880.000 kr á ári.

3. tafla. Heildar fóðurstofnaður (kr á innveginn lítra) á íslenskum kúabúum 2006

	Eyjafjörður	Suðurland	Búreikningabú
Aðkeypt fóður	10,5	12,2	11,9
Heimaflað fóður -BK	10,0	12,3	11,6
Heimaflað fóður -FK	6,7	8,3	8,0
Fóðurstofnaður alls kr á innveginn lítra	27,1	32,8	31,5

Í heimi hækkandi aðfanga

Ljóst er að þessar tölur frá 2006 hafa hækkað verulega. Þar koma til miklar hækkningar á kjarnfóðri frá árslokum 2006, væntanlegar hækkningar á áburði, hækkningar á rekstrarkostnaði búvéla og breytingar á gengi sem ýkja þessar hækkningar. Ætla má að verð á áburði muni hækka um 50% frá verðinu 2006 til ársins 2008. Hækkun á kjarnfóðri verður svipuð og ljóst er að fastur stofnaður mun líklega aukast en hann jókst um 6% á milli árána 2005 og 2006. Miðað við þessar tölur má ætla að stofnaður eyfirsku bænda 27 árið 2008 gæti numið um 35 kr/innveginn lítra sem er um 30% hækkun frá 2006. Það er því ljóst að verðhækkningar aðfanga á heimsmarkaði munu hafa veruleg áhrif á fóðuröflunarkostnað íslenskra kúabúa. Miðað við sama stofnaðarhlutfall (27,6%) þurfa meðaltekjur að nema 127 kr á innveginn lítra en það er 29% afurðahækkun frá árinu 2006.

Svigrúm til hagræðingar liggur fyrst og fremst í tvennu. Annars vegar í betri nýtingu á föstum stofnaði og hins vegar í framleiðslu á fóðri sem getur komið í stað aðkeypts kjarnfóðurs. Þegar tölur einstakra búna eru skoðaðar kemur í ljós gífurlegur breytileiki á stofnaði við fóðuröflun. Hagkvæmasta fóðrið á eyfirsku búunum 27 kostaði 17,3 kr/innveginn lítra á meðan það dýrasta kostaði 36,1 kr/innveginn lítra. Þarna munar 18,8 kr á lítra sem gera 3,8 milljónir miðað við meðalbúið í hópnum sem leggur inn 205.000 lítra.

Breytilegur kostnaður sunnlensku búanna var lægstur 6-7 kr/fóðureiningu en hæstur yfir 20 kr/fóðureiningu. Vissulega er einhver aðstöðumunur á milli jarða en hagræðingarsvigrúm er til staðar. Tengist það einkum nákvæmri notkun á áburði og aðhaldi í búvélakostnaði.

Mikill breytileiki er einnig í föstum kostnaði. Þar sem fasti kostnaðurinn er lægstur hafa bændur í einhverjum tilfellum fært kostnaðinn yfir í breytilegan kostnað með því að kaupa verktöku. Samanburður á föstum kostnaði á milli bóa getur verið villandi því þeir sem hafa nýlega endurnýjað tæki eru með hlutfallslega hærri afskriftir vegna þess að ekki er fyrnt af stofnverði heldur bókfærðu verði. Möguleikar til hagræðingar í föstum kostnaði liggja í aukinni sameign véla, notkun verktaka, almennu aðhaldi í vélakaupum og markvissari fjárfestingastjórnun.

Búast má við að aðkeypt kjarnfóður muni nema um 45% af fóðuröflunarkostnaði kúabænda á árinu 2008. Gríðarlega mikilvægt er að ná þessum kostnaði niður með bættri nýtingu kjarnfóðurs og ræktun fóðurs sem kemur í stað þess. Það er einkum fernt sem dregur úr kjarnfóðurnotkun að því gefnu að afurðir haldi sér, öflun gæða heyja, markvisst beitarskipulag, ræktun græn fóðurs til beitar og slægna og aukin kornrækt. Verði viðvarandi hátt verð á kjarnfóðri verða íslenskir kúabændur að leggja kapp á endurræktun túna, snemmslátt, markvissar ræktunaráætlanir og stórauðna kornrækt. Þannig ná þeir að nýta fastan kostnað sem til staðar er og draga verulega úr kostnaði við aðkeypt kjarnfóður.

Heimildaskrá

Hagþjónusta landbúnaðarins, 2007. Niðurstöður búreikninga 2006, 98 s.